Tillögur Smábátafélagsins Reykjanes til 28. aðalfundar LS.

Aðalfundur Reykjanes leggur til að:

1. Aflaheimildir til strandveiða verði auknar skerði ekki afla- né krókaaflamark.
2. Bátar sem veiða á handfæri í krókaaflamarki fái keilu, löngu og karfa utan kvóta upp að 15-20% af heildarafla hverrar veiðiferðar.
3. Makrílpottur fyrir handfæri verði að lágmarki 18%, sem er svipað og gerist í Noregi.
4. Vs afli verði færður til fyrra horfs þ.e.a.s eitt tímabil ekki 4 eins og nú er.
5. Endurskoða hlutdeild krókaaflamarksbáta í ýsu, löngu, keilu og karfa með hliðsjón að veiðum þeirra undanfarin ár.

   Greinargerð : Krókabátar veiða umfram úthlutað aflamark í þessum tegundum og ríflega það.
6. Afnema byggðakvóta í núverandi mynd.
7. Klemens Einarsson verði fulltrúi í Grásleppunefnd og Haukur Einarsson til vara.
8. Veiðidagar á komandi grásleppuvertíð verði ekki fleiri en 40.
9. Hafna algerlega lögum sjávarútvegsráðherra um veiðgjald.
10. Skora á sjávarútvegsráðherra að skila áliti um lokun svæðis fyrir togveiðum vestur úr Sandgerði og suður úr Grindavík til félagsins.

    Greinagerð: Félagið hefur í áraraðir farið fram á lokun svæðisins en aldrei fengið skýr svör.
11. Mótmæla afskiptum umhverfissamtaka af fiskveiðum. Samtökin hafa löngu sýnt að þau hafa litla sem enga innsýn inní fiskveiðistjórnun og það umhverfi sem íslenskir fiskimenn starfa í.
12. Skora á Sjávarútvegsráðherra að auka nú þegar við aflamark í ýsu vegna mikillar ýsu á grunnslóð.
13. LS láti á það reyna fyrir dómsstólum hvort álagning veiðigjalda standist lög.